Reykjavík

Frístundaheimilið Krakkakot

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur....3
Innra mat 2025-2026....3
Styrkleikar....3
Tækifæri....5
Umbótaáætlun 2026-2027....6
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins....8
Helstu dagsetningar....13
Ágúst....13
September....13
Október....13
Nóvember....13
Desember....13
Janúar....14
Apríl....14
Júní....14
Júlí....14

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Krakkakots auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar

Börnin á frístundaheimilinu

Í Krakkakoti eru börnin virkir þátttakendur í starfinu. Við leggjum mikið upp úr lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem barnalýðræði er reglulegur hluti af starfinu okkar. Við erum með hugmyndakassa og mánaðarlega flokkum við hugmyndirnar úr honum á Barnaráðsfundi og kjósum hvaða hugmyndir við ætlum að innleiða í starfið. Við erum einnig með reglulegar kosningar þar sem kosið er um eitthvað tilfallandi eins og síðdegishressinguna, dót eða eitthvað sem tengist starfinu. Við erum með 3. og 4. bekkjarráð sem skipuleggur dagskrá fyrir 3. og 4. bekk til þess að hafa dagskrána spennandi fyrir þau og vonandi auka skráningu og þátttöku þeirra í Krakkakoti. Við erum að fá viðurkenningu sem Réttindafrístund í nóvember. En síðustu tvö ár höfum við unnið með Hvassaleitisskóla og félagsmiðstöðinni Tónabæ að því í verkefninu Réttindafrístund – og skóli UNICEF.

Starfsumhverfið í Krakkakoti er án aðgreiningar og reynt er að koma til móts við þarfir allra barna og veita börnum þann stuðning sem þau þurfa. Við leggjum mikla áherslu á að dagskráin mæti áhugasviði sem flestra barna og að umhverfið einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Frjálsum leik barna er gefið gott svigrúm í starfinu, bæði inni á frístundaheimilinu og úti. Börnin eiga að geta valið um það hvort þau vilji fara í frjálsan leik eða skipulagðara starf á hverjum degi. Viðfangsefni og dagskrá starfsins er samstarfsverkefni stjórnenda, starfsfólks og barnanna á frístundaheimilinu.

Við leggjum mikið upp úr upplýsingaflæði og miðlum mikilvægum upplýsingum alltaf í gegnum sjónrænt skipulag sem er sýnilegt og í hæð barnanna. Sem dæmi má nefna dagsskipulag, matseðla, afmælisdaga, dagskrá vikunnar, niðurstöður kosninga, upplýsingar um þemavikur, niðurtalningu í eitthvað sem er á dagskrá eins og bangsadag og allskonar tilfallandi. Við erum bæði með upplýsingavegg barna og forsjáraðila.





Mannauður og faglegt starf

Samskipti starfsfólks við börnin einkennist af umhyggju, þolinmæði og lausnamiðun. Lögð er áhersla á að starfsfólk þekki öll börn frístundaheimilisins, hrósi þeim, heilsi þeim og kveðji með nafni og að hvert barn treysti og geti leitað til einhvers starfsmanns sem er á vakt hverju sinni. Niðurstöður í síðustu foreldrakönnun sýndu einmitt að foreldrar voru mjög ánægðir með viðmót starfsfólks. Einnig hefur verið ánægja á meðal forsjáraðila þeirra barna sem þurfa meiri stuðning á frístundaheimilinu þar sem komið er vel til móts við þarfir einstakra barna þannig að margbreytileiki fái að njóta sín í barnahópnum. Við reynum einnig að bregðast fljótt við ef við sjáum að barn þarf á auknum stuðningi að halda í félagslegum samskiptum.

Góður starfsmannaandi er í hópnum og meiri festa er komin í starfsmannahópinn á síðustu tveimur árum og því búið að ganga betur að manna, sem leiðir til þess að við höfum verið að taka börn fyrr inn af biðlistum á haustin. Starfsfólk er jákvætt sín á milli og við leggjum mikla áherslu á að við séum gott teymi sem er saman í liði, talar saman, spyr ef það veit ekki, hrósar og leitar lausna saman. Við leggjum mikið upp úr hrósum bæði í samskiptum við hvort annað og börnin. Fagstarfið hefur einnig orðið meira síðustu tvö ár sem má sjá t.d. á dagskránni, viðfangsefnunum og þemaverkefnunum. Ein helsta ástæða þess er stafsfólkið og þeirra styrkleikar enda því meira sem starfsfólkið nýtir sína eigin styrkleika og áhugasvið í starfinu því fjölbreyttara verður það.

Bjargir og skipulag

Samstarf við skóla hefur orðið bæði meira og betra á síðustu árum. Nú sitja stjórnendur í lausnarteymum, á teymisfundum og funda með skólastjórnendum einu sinni í mánuði. Samtal við íþróttafélag hverfisins, Víking hefur einnig verið mjög gott og samstarf í kringum Víkingsrútuna verið þannig að hún taki einnig tillit til starfsemi Krakkakots. Það er lykilatriði til þess að starfið gangi vel að vera í góðu samstarfi við foreldra og forsjáraðila. Við sendum pósta um mikilvægar upplýsingar en nýtum frekar upplýsingavegginn okkar um daglegt starf heldur en að senda marga pósta af því að þá virðast mikilvægu upplýsingarnar fara meira framhjá forsjáraðilum. Sjá mynd á næstu blaðsíðu.



Það er mikil ábyrgð að vita hvar rúmlega 100 börn eru hverju sinni og því mikilvægt að hafa gott skipulag í kringum það. Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundaheimilinu hverju sinni. Tvöfalt öryggi er á kerfinu þar sem börnin merkja sig líka sjálf inn á valtöflu og þar er hægt að fylgjast með hvaða börn eru skráð á hvaða svæði og ef þau eru ekki merkt á neitt svæði þá þarf að leita að þeim. Svo sjá börnin um það með forsjáraðilum að merkja sig út á valtöflu og láta starfsfólk vita þegar þau eru að fara heim.

Tækifæri

Við innra mat sáum við að það eru tækifæri til staðar til þess að bæta starfið og aðstæður í Krakkakoti. Við sitjum ekki móttökuviðtöl með skólanum og þar er greið leið til umbóta. Eins og fyrr hefur komið fram er samstarf gott við grunnskólann og íþróttalið hverfisins og börn og starfsfólk taka virkan þátt í að móta starfið. Það er þó ekki mikið leitað til foreldra og annarra hagsmunaaðila sem ef til vill mætti skoða betur.

Við getum gert betur þegar það kemur að nýliðafræðslu og tækifærum til símenntunar og starfsþróunar. Við höldum okkar eigin nýliðafræðslu sem snýr einungis að starfinu okkar hvert haust en erum ekki nógu markviss þegar það kemur að nýliðafræðslu á torginu sem snýr að praktísku hlutunum þegar starfsmaður byrjar í vinnu hjá Reykjavíkurborg. Ýmsar hindranir eru til staðar þegar það kemur að nýliðafræðslum. Vilji er fyrir því að hafa hana í eigin persónu en starfsfólk er að hefja störf á svo löngu tímabili. Sumir byrja í ágúst en aðrir í október. Einnig getur verið erfitt að skapa svigrúm til þess að starfsfólk geti sest niður og horft á nýliðafræðsluna á torginu á vinnutíma þar sem mikil áhersla er lögð á að manna tímanlega til þess að taka börn inn af biðlistum. Einnig vantar fleiri tölvur á frístundaheimilið ef starfsfólk á að horfa á rafrænar fræðslur. Einnig þurfum við að skapa betri vettvang til þess að auka tækifæri til símenntunar og starfsþróunar. Þar þurfum við auka fræðslur bæði innan frístundaheimilisins og utan þess. Við höfum verið með starfsþróunarviðtöl og munum halda því áfram en með markvissari hætti.

Úrval af vistvænum og öruggum efnivið mætti vera betra hjá okkur og kominn tími á endurnýjun. Einnig er húsnæðið orðið gamalt og loftgæðin mjög léleg sem bitnar bæði á starfsfólki og á börnum. Við höfum bent á það bæði við umhverfis- og skipulagssvið og við heilbrigðiseftirlitið en ekki hefur verið farið í neinar aðgerðir upp á síðkastið. Rýmið okkar er gamalt og kemur ekki til móts við þarfir allra barna, sérstaklega þeirra sem eru viðkvæm fyrir áreiti og þurfa að komast úr aðstæðum. Nærumhverfi er nýtt að einhverju leiti, sérstaklega á sumrin, en við erum nú þegar komin með aðgerðir til þess að efla það, t.d. með þemavikunni í maí sem snýr að náttúru og umhverfi.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Bæta fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimila og skapa aðstæður til starfsþróunar.	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf
Tækifæri til umbóta.	Bæta fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimila og skapa aðstæður til starfsþróunar og símenntunar.
Aðgerðir til umbóta.	Það þarf samtal á milli frístundaheimila um nýliðafræðslur og hvort vilji sé að halda sameiginlega fræðslu í persónu eða hvort hver staður haldi áfram að sjái um sig. Einnig/annars þarf að skapa betra svigrúm til þess að starfsfólk geti horft á nýliðafræðslurnar á torginu, mögulega væri hægt að bjóða þeim yfirvinnu til þess að horfa heima. Einnig vantar fleiri tölvur á frístundaheimilið ef starfsfólk á að horfa á rafrænar fræðslur. Til þess að auka fagstarf, miðla þekkingu til starfsfólks og auka tækifæri til símenntunar þarf að hafa starfsmannafundi, reglulegar fræðslur og á þeim starfsdögum sem eru leggja minni áherslu á tiltekt og meiri á fræðslu og samtal við starfsfólk. Einnig munum við nýta torgið til þess að skoða nýjar rafrænar fræðslur sem eru viðeigandi fyrir starfsfólkið, hvetja þau til þess að horfa á þær fyrir yfirvinnu. Einnig að fylgjast með fræðslum sem eru í persónu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og kynna fyrir starfsfólki þannig að þau geti sótt þær fræðslur líka.
Ábyrgð	Hafdís forstöðukona.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 1. nóvember 2026 og áætluð lok 1. nóvember 2027 mikilvægt er að hafa upphaf hausts 2027 með í tímabilinu þar sem flest nýtt starfsfólk hefur þá störf.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið eftir 1. Nóvember 2027 með því að tala við starfsfólk sem hóf störf haustið 2026 og haustið 2027 um hvernig þeim fannst nýliðafræðslan. Talað við allan starfsmannahóp vor 2026 og haust 2027 um hvernig þeim finnst tækifæri til símenntunar vera og hvað má betur fara.

	Tala við aðra forstöðumenn um hvernig þau standa að fræðslum og símenntun. Spegla og meta hvað er að virka best.
Viðmið um árangur.	Stuðst er við viðtöl og niðurstöður úr þeim við starfsfólk og aðra forstöðumenn til þess að mæla árangur aðgerðar.

Heiti aðgerðar: Móttökuviðtöl	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf
Tækifæri til umbóta.	Að frístundaheimili sitji í móttökuviðtölum með grunnskólanum.
Aðgerðir til umbóta.	Samtal við Skólastjóra og deildarstjóra og minna þær á að við eigum að sitja þessa fundi með þeim.
Ábyrgð	Hafdís forstöðukona.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. nóvember 2026 – 1. október 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Metið með samtali við stjórnendur í október 2027 þar sem farið er yfir það hvort við höfum verið boðuð í öll móttökuviðtöl.
Viðmið um árangur.	Mælikvarðinn er hversu mörg viðtöl við vorum boðuð í af þeim sem voru haldin.

Heiti aðgerðar: Bæta efnivið og nýta nærumhverfi betur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag
Tækifæri til umbóta.	Úrval af efnivið og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska
Aðgerðir til umbóta.	Fara þarf markvisst yfir efnivið á frístundaheimili og skoða hvað er komið til ára sinna. Endurnýja þarf gamlan efnivið.
Ábyrgð	Hafdís forstöðukona og Sigrún aðstoðarforstöðukona,
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. nóvember 2026 – 1. nóvember 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Metið aftur ári seinna. Farið yfir efnivið og metið hvort staðan sé ekki betri. Talað við starfsfólk og börn um hvernig þeim finnst efniviðurinn miðað við fyrir ári síðan. Skoða og meta

	eftir niðurstöðum úr foreldrakönnun þar sem spurt er um viðfangsefni og efnivið sem standa börnunum til boða.
Viðmið um árangur.	Viðmið um árangur er hversu mikið börnin nýta og leika sér með efniviðinn sem er til staðar á frístundaheimilinu og hversu ánægt starfsfólk er með búnaðinn og efniviðinn.

Heiti aðgerðar: Húsnæðismál og loftgæði	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag
Tækifæri til umbóta.	Loftgæði í húsnæði eru mjög slæm. Húsnæði orðið gamalt.
Aðgerðir til umbóta.	Halda áfram að tala við deildarstjóra frístundastarfs, skólastjóra Hvassaleitisskóla og umhverfis- og skipulagssvið um hvert planið er með húsnæðið og loftgæðin og biðja um að láta laga þau.
Ábyrgð	Hafdís Forstöðukona.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. nóvember 2026 – 9. júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið næsta haust og metið hvort það sé búið að fara í einhverjar aðgerðir. Samtal við starfsfólk sérstaklega þau sem hafa fundið fyrir einkennum myglu og slæmra loftgæða.
Viðmið um árangur.	Samtal við deildarstjóra og USK. Viðmiðin sem notast er við eru hvort starfsfólki líður betur, hvort loftgæðin séu orðin betri sem sést á lofthreinsitækjum í stofum. Finnst á hitastigi í stofum.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Í Krakkakoti erum við að fara af stað með mánaðarlegar þemavikur. Með þessum þemavikum erum við að innleiða Menntastefnu Reykjavíkur, barnasáttmálann og verkefnið frístundalæsi inn í starf okkar með markvissari hætti. Í þessum vikum verður starfið og dagskráin okkar skipulögð í kringum þemað með klúbbum, leikjum, samtölum og myndrænu skipulagi. Þar sem við reynum að kynna börnin fyrir þemanu og vinna með þau markmið sem við setjum okkur fyrir vikuna.

Þegar þetta er skrifað er vináttuvikan og heilsuvikan búnar. Við erum að prófa þetta verkefni í fyrsta skipti og margt sem við höfum lært á fyrstu tveimur vikunum. Fullt sem við höfum gert vel en líka fullt sem við munum gera betur næstu vikur. Stjórnendur sjá um að kynna starfsfólkinu fyrir þema vikunnar og tengingu verkefnisins við

barnasáttmálann, menntastefnuna og frístundalæsi. Sem dæmi má sjá starfsmannakynninguna fyrir heilsuvikuna:

Tengsl heilsuvikunnar við fristundalæsi, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Menntastefnu Reykjavíkurborgar

Heilsuvikan hefur það að markmiði að efla andlega og líkamlega vellíðan barna og styrkja heilbrigt líferni. Unnið er með heilsu á fjölbreyttan og leikrænan hátt þar sem börnin fá tækifæri til að læra með þátttöku, hreyfingu, leik, sköpun og samvinnu.

Heilsuvikan tengist frístundalæsi með því að börnin læra í gegnum áhugasvið sín og eigin reynslu. Í dansklúbbi fá þau að skapa og tjá sig í gegnum hreyfingu, í ratleik fá þau að leysa verkefni og vinna saman, í jógaklúbbi og slökunarklúbbi læra þau að hlusta á líkamann og finna ró og í íþróttaspjaldaklúbbi fá þau að skapa og föndra eigið námsefni og setja eigin hugmyndir og styrkleika á spjöld. Þannig verður námið virkt og merkingarbært fyrir börnin.

Heilsuvikan styður jafnframt við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega rétt barna til heilsu, leiks, hvíldar og tómstunda. Börnin fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar, útiveru, leiks og slökunar ásamt fræðslu um hollt mataræði, hreinlæti og vellíðan. Einnig fá þau tækifæri til að tjá sig, taka ákvarðanir og hafa áhrif á verkefnin sem þau taka þátt í.

Verkefnið tengist einnig Menntastefnu Reykjavíkurborgar með áherslu á sjálfseflingu, félagsfærni, læsi og sköpun. Börnin fá að kynnast eigin styrkleikum, takast á við nýjar áskoranir og læra að hlusta á eigin líðan. Verkefnin byggja á samvinnu og samskiptum og skapa tækifæri til að efla félagsfærni.

Heilsulæsið felst í því að börnin öðlast þekkingu og skilning á eigin líkama, hreyfingu, næringu, hreinlæti, hvíld og andlegri vellíðan. Sköpun kemur einnig sterkt inn, meðal annars í dansi og gerð íþróttaspjalda.

Heilsuvikan styður því við nálgun á barnið þar sem heilsa, leikur, nám, sköpun, þátttaka og félagsleg tengsl fléttast saman. Markmiðið er ekki aðeins að kenna börnum hvað sé heilbrigt heldur að gefa þeim jákvæða reynslu af heilbrigðum lífsstíl og verkfæri sem þau geta nýtt í daglegu lífi.

Fyrir Réttindavikuna og þær vikur sem eftir eru þá stefnum við á að halda stjórnendafund vikuna fyrir þar sem við munum reyna að hafa starfsmannakynninguna fyrir þemavikuna enn eftirminnilegri og skýrari þannig að starfsfólkinu gangi betur að innleiða verkefnið til barnanna. Það er sameiginlegt verkefni stjórnanda og starfsfólks að kynna þemavikuna fyrir börnin þannig að þau viti að það sé þemavika í gangi og út á hvað hún gengur. Með því er líklegra að þemavikan skilji meira eftir sig. Við reynum þó að auglýsa vikuna líka sjónrænt fyrir börnin og forsjáraðila og tengingu hennar við fyrrnefnda þætti. Það gerum við í gegnum upplýsingaveggina og instagram. Hér má sjá sjónrænu kynninguna fyrir heilsuvikuna:



Við höfum nokkrum sinnum verið með vináttuvikur í Krakkakoti þannig að það var komin einhver reynsla á það hjá okkur og við ákváðum því að hafa það fyrstu þemavikuna þetta árið. Í vináttuvikunni voru mismunandi klúbbar sem stuðluðu að samvinnu og vináttu með leikjum, spilum og föndri. Við buðum uppá pennavinaklúbb þar sem þau sem vildu skrifuðu bréf til barna á frístundaheimilinu Úlfabyggð og gerðust pennavinir þeirra. Við föndruðum ýmislegt þar sem börnin fengu að setja hugmyndir sínar um góðan vin í allskyns listform. Við vorum með klúbba með leikjum sem snerust um samvinnu og að hjálpast að og myndrænt skipulag sem við reyndum að skapa umræður í kringum t.d. um að hrósa öðrum og um hvernig á að bjóða öðrum að vera með í leik. Hér fyrir neðan má sá dagskrá vináttuvikunnar, myndrænt skipulag sem var hengt upp í Krakkakoti og nokkrar afurðir.









Heilsuvikan var í Október og haldin í fyrsta skipti. Það var mikil mannekla þessa viku og hún varð því ekki eins áberandi og við náðum ekki að keyra hana jafn vel og við hefðum viljað. Bæði þegar það kom að dagskránni, miðlun til starfsfólks og barna og myndræns skipulags. Börnin prófuðu þó spennandi tegund af ávexti eða grænmæti á hverjum degi. Það voru ýmsir klúbbar tengdir heilsuvikunni á dagsskrá og það var leikur dagsins sem var farið í úti og myndrænar upplýsingar um handþvott, fæðuhringinn og ávextina sem voru í boði voru m.a. hengd upp. Dæmi má sjá hér fyrir neðan.









Markmiðið er svo að gera góðan gagnabanka með leiðbeiningum, klúbbahugmyndum, myndrænu skipulagi og öllu tilheyrandi þannig að auðvelt sé að framkvæma vikurnar aftur og jafnvel deila með öðrum frístundaheimilum. Við erum spennt að halda áfram með verkefnið næstu mánuði og vonum að þetta verði fastur liður í starfsemi frístundaheimilisins næstu árin sem stuðlar að því að markvisst sé unnið með menntastefnuna, barnasáttmálann og frístundalæsi.

<u>Þemavikur vetrarins eru eftirfarandi:</u>

September - Vináttuvika: Eflum vináttu, samvinnu og samkennd, lærum hvað er að vera góður vinur og sýnum hvort öðru virðingu.

Október - Heilsuvika: Lærum um heilsu, hreyfum okkur, leikum okkur og finnum leiðir til að líða vel í líkama og huga.

Nóvember - Réttindavika (sameiginleg með Hvassaleitisskóla og félagsmiðstöðinni Tónabæ)**:** Lærum um réttindi barna, hlusta á hvort annað, hafa áhrif, leika saman og passa að öllum líði öruggum og vel.

Desember - Listavika: Sköpum, leikum, syngjum og uppgötvum listir á skemmtilegan og skapandi hátt.

Janúar - Miðlalæsisvika: Kynnumst fjölmiðlum og búum til okkar eigið efni og lærum að hugsa gagnrýnið um það sem við sjáum og heyrum.

Febrúar - Fjölmenningarvika: Kynnumst ólíkum menningarheimum og hefðum í mismunandi löndum.

Mars - Sjálfseflingarvika: Kynnumst okkur sjálfum, eflum sjálfstraustið, lærum um tilfinningar og æfum okkur í góðum samskiptum.

Apríl - Regnbogavika: Fræðumst um hinseginleika og fjölbreytileika, fagna því að við erum ólík og sýnum hvort öðru virðingu og kærleik.

Ma - Náttúru- og umhverfisvika: Njóta náttúrunnar og nærumhverfis. Lærum um umhverfið og hvernig á að hugsa vel um jörðina.



Helstu dagsetningar

Ágúst

20. ágúst – Síðasti dagur í sumarfrístund
21. ágúst – Starfsdagur í Krakkakoti
24. ágúst – Skólasetning í Hvassaleitisskóla
25. ágúst – 2. – 4. bekkur byrjar í Krakkakoti
26. ágúst – 1. bekkur byrjar í Krakkakoti

September

21. – 25. september – Vináttuvika í Krakkakoti
30. september – Lengd viðvera

Október

12. – 16. október – Heilsuvika í Krakkakoti
19. október – Leikskólinn Austurborg kemur í Heimsókn
21. október – Lengd viðvera
22. – 26. október – vetrarfrí/Starfsdagar í Krakkakoti
27. október – Lengd viðvera

Nóvember

12. nóvember – Afmæli Hvassaleitisskóla, opið hús frá 16-18
16. – 20. Nóvember - Réttindavika í Krakkakoti, Hvassaleitisskóla og Tónabæ
18. nóv - Viðurkenning UNICEF sem réttindaskóli og frístund
20. nóv – Barnaþing í Hvassaleitisskóla

Desember

Listavika í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
21. desember – Lengd viðvera í jólafríi
22. desember – Lengd viðvera í jólafríi
23. desember – Lengd viðvera í jólafríi
28. desember – Lengd viðvera í jólafríi
29. desember – Lengd viðvera í jólafríi
30. desember – Lengd viðvera í jólafríi

Janúar

4. janúar – Lengd viðvera í Krakkakoti
Miðlalæsisvika í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
25. janúar – Leikskólinn Austurborg kemur í Heimsókn
28. janúar – Lengd viðvera

Febrúar

Fjölmenningarvika í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
2. febrúar – lengd viðvera
22. – 23. – vetrarfrí/starfsdagar í Krakkakoti

Mars

Sjálfseflingarvika í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
Starfsþróunarviðtöl í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
22. mars – Lengd viðvera í páskafríi
23. mars – Lengd viðvera í páskafríi
24. mars – Lengd viðvera í páskafríi

Apríl

Regnbogavika í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
19. - 23. apríl - Barnamenningarhátíð
27. apríl – Menntastefnumót/Starfsdagur í Krakkakoti

Maí

Náttúru- og umhverfisvika í Krakkakoti (dagsetning óákveðin)
7. maí – Lengd viðvera
Leikskóli kemur og er í starfinu með okkur (dagsetning óákveðin)
Vorskóli – kynning fyrir foreldra barna sem eru að byrja í 1. bekk frá Hvassaleitisskóla og Krakkakoti (dagsetning óákveðin)

Júní

9. júní - síðasti dagur í vetrarstarfi Krakkakots
10. júní – skólaslit í Hvassaleitisskóla
11. júní – starfsdagur í Krakkakoti
14. júní – fyrsti dagur í sumarstarfi

Júlí

1. – 9. Júlí – Sumarfrístund
10. – 31. Júlí – Lokað í Krakkakoti